

Reglugerð fyrir Orlofssjóð St. Rv.

1. gr. Nafn sjóðsins

Sjóðurinn heitir Orlofssjóður Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, skammstafað Orlofssjóður St. Rv.

Sjóðurinn er í eigu Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík

2. gr. Tilgangur sjóðsins

Tilgangur sjóðsins er að auka möguleika félagsmanna St. Rv. á fjölbreytni í orlofsmálum, til dæmis með því að koma upp og reka orlofshús og orlofsíbúðir fyrir félagsmenn eða styrkja þá til annars konar orlofsdvalar.

Orlofssjóðurinn annast rekstur og viðhald mannvirkja og lausafjármuna á orlofssvæðum St. Rv.

3. gr. Tekjur sjóðsins

Tekjur sjóðsins eru:

- Samningsbundin gjöld atvinnurekenda til sjóðsins
- Leigugjöld af orlofshúsum, orlofsíbúðum og landleiga.
- Vaxtatekjur, framlög og aðrar tekjur.

4. gr. Greiðslur úr sjóðnum

Allar greiðslur úr sjóðnum aðrar en þær er varða daglegan rekstur hans, rekstrargjöld orlofshúsa og orlofsíbúða, leigu orlofshúsa í eigu annarra og/eða til annarrar venjubundinnar starfsemi á vegum sjóðsins, skulu háðar samþykki stjórnar St. Rv. Á þetta einkum við um greiðslur sem ekki hafa áður verið hluti af hefðbundinni starfsemi sjóðsins, eða ef upphæðir teljast umtalsverðar miðað við þá starfsemi sem er á vegum hans á hverjum tíma.

5. gr. Stjórn sjóðsins

Stjórn sjóðsins er skipuð tveimur mönnum sem kosnir eru á aðalfundi St.Rv. til eins árs í senn ásamt einum stjórnarmanni St.Rv, tilnefndum af stjórn St. Rv., sem jafnframt er formaður nefndarinnar.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók yfir störf sín.

6. gr. Rekstur sjóðsins og ávöxtun

Skrifstofa St.Rv. sér um daglegan rekstur sjóðsins í umboði stjórnar hans. Fé sjóðsins skal ávaxta á sem tryggastan hátt.

7. gr. Ársreikningur og endurskoðun

Ársreikning sjóðsins skal birta með reikningum St. Rv. Skal hann endurskoðaður með sama hætti og félagssjóður. Ársreikninginn skal leggja fram og afgreiða á aðalfundi með öðrum reikningum félagsins. Skýrsla yfir starfsemi sjóðsins skal fylgja skýrslu stjórnar St. Rv.

8. gr. Breytingar á reglugerð sjóðsins

Reglugerð þessari má aðeins breyta á aðalfundi St. Rv. og fer með þær breytingar eins og um lagabreytingar væri að ræða.

Við samþykkt reglugerðarinnar fellur úr gildi reglugerð fyrir orlofsheimili St.Rv. frá 7.mars 1987 með síðari breytingum.

Samþykkt á aðalfundi St. Rv. 2006